

Kennari: Agatha Mist Atladóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir, 5 vikur í senn.

Bekkur: 1. – 3. bekkur

Textílmennt
Námshættir: Textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið. Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni. Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Textílmennt			
Námshættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Textíll	<ul style="list-style-type: none">- Gögn frá kennara- nam.is- Snið- Saumavél- Efni	<ul style="list-style-type: none">- Geti unnið með fjölbreytt textílefni og kynnst þeim- Þjálfist í einföldum vinnuaðferðum- Tileinka sér rétt og hagkvæm vinnubrögð- Kynnist ýmsum áhöldum, skærum og nálum- Fá innsýn í hvernig textílverk verður til á einfaldan hátt- Gengið frá eftir vinnu sína- Geta unnið einföld verkefni í hóp	<ul style="list-style-type: none">- Sýnikennsla- Einstaklingsvinna- Sköpunarþörf og sjálfstæði nemendanna fá að njóta sín- Nemendur fá verkefni sem höfða getu og þroska þeirra- Youtube og Pinterest

Námsmat:

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.